

Fræðsluskilti um Búrfellshraun

Staðstett við Bala



Búrfellshraun

Náttúran hér í kring er einkar fjölbreytt, sérstaklega með tilliti til jarðfræði. Hér er mótun landsins vel sjáanleg með eldstöðvum, hraunum, hrauntröðum, hraunhellum, gjám og misgengjum.

Aldur

Búrfellshraun rann frá Búrfelli í sjó fram fyrir um 8 þúsund árum yfir gömul hraun og berggrunn svæðisins. Búrfellið er stakur gigur á miklu sprungu- og misgengisvæði sem teygir sig frá Krýsuvík um Heiðmök og niður fyrir Rauðavatn. Búrfellegurinn er þá eðvarp sem næst er höfuðborgarsvæðinu, af þeirri gerð sem nefnist eldborg.

Hrauntraðir

Miklar hrauntraðir mynduðust í Búrfellshrauni meðan á gosinu stóð þegar hraun rann úr gígnum í lengri tíma og myndaði hraunfarveg. Þekktustu traðirnar eru Búrfellsgjá og Selgjá, en Búrfellsgjá á sér fasa sína líka á landinu. Krúngtönggjá er all sérstök og hefur orðið til í lokahitna gosins. Hraunelfan rann meðfram Vífilsstaðahlö og þar myndast Selgjá í tröð og rásum undir storknuðu yfirborðinu.



Búrfell og elsti hluti hrauntráðanna



Búrfellshraun við Vífilsstaðahlö



Mariuhellir

Hellar

Í Búrfellshrauni eru fjölmargir skútar og hraunhellar, þeir þekktustu Mariuhellir. Nær allir hellarnir við Vífilsstaðahlö eru svokallaðir hraunrásar-hellar, sem mynduðust þegar kvikan barst ekki lengur til hraunrásarinnar, en rennsli úr henni hélt áfram þar sem landhali var nægur. Þannig tæmdist hraunrásin og hellar mynduðust. Íoutega hefur þekið á hraunrásinni verð svo þunnt að það hafur víða fallið niður í hrauntröðina. Því er erfitt að segja hvar einn hellir endar og annar byrjar.

Jökulmenjar

Jökulmenningar sem Ísaldarjökullinn skildi eftir þegar hann hópaði fyrir um tíu þúsund árum hylur víða holt og hæðir. Af Jökulrakuðum klöppum má sjá síðasta skrið jökulsins á svæðinu. Ummerki hæstu sjávarstöðu í lok Ísaldar eru í um 40 metra hæð yfir sjó hér í næsta nágrenni. Sjór hefur því líklega náð inn í skarðið á milli Urriðaholts og Vífilsstaðahlö þegar hæst stóð Ísaldarok.



Gálgalettur



Útbreiðsla og stærð Búrfellshrauns

Á þessu korti má sjá hversu víðfeðmt Búrfellshraunið er eða um 16 ferkilómetrar. Ennig sést hvernig það hefur greinst í tvær meginkvíslar sem svo hafa sameinast og runnið í sjó fram, bæði í Skerjalför og Hafnarfjörð.



Selgjá

Sprungur og misgengi

Við Selgjá má sjá sprungur og misgengi sem hafa verið virk eftir að Búrfellshraun rann. Þar skera Hjallamisgengið og nokkur minni misgengi hraunið þvert og hefur land sigið austan þeirra um u.þ.b. 12 m síðan hraunið rann. Vatnsgjá er sprunga sem opin er niður í grunnvatnsborð, svo í botni hennar er ágæt meyluvatn.

Hin mörgu heiti Búrfellshrauns

Hraunstráumurinn sem rann frá Búrfelli nefnist einu nafni Búrfellshraun en hefur fjölmörg sérnöfn svo sem Smyrte-búðarhraun, Gráhelluhraun, Lækjarbotnahraun, Svinhraun, Urriðakotshraun, Vífilsstaðhraun, Hafnarjarðarhraun, Garðhraun og Gálgahraun.

Athyglisverðir staðir

Eldstaðin Búrfell, Búrfellsgjá með Gjáreitt og Vatnsgjá, Hrauntröðin Selgjá þar sem fundist hafa 11 seljasamstaður, Mariuhellir sem eru fyrrum fjárhellar, hrauntanginn út í Urriðavatn og Gálgahraun með Gálgakletti og Fögatögu.

